

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Siglufjarðarkaupstaðar og Ólafsfjarðarbæjar í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 3. mars 2006 staðfest sameiningu Siglufjarðarkaupstaðar og Ólafsfjarðarbæjar, í umdæmi sýslumannsins á Siglufirði og sýslumannsins á Ólafsfirði, í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

- Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi 15 dögum eftir almennar kosningar til sveitarstjórna, eða hinn 11. júní 2006.
- Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum sveitarfélögum.
- Íbúar sveitarfélaganna skulu vera íbúar hins sameinaða sveitarfélags.
- Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra áðurgreindum sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.
- Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

- Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 27. maí 2006, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.
- Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.
- Sveitarstjórnirnar kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar nema annað verði ákveðið.
- Kosið verður um nafn hins sameinaða sveitarfélags á grundvelli tillagna nefndar sem sveitarstjórnirnar hafa skipað sameiginlega samhliða sveitarstjórnarkosningunum 2006. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. mars 2006.

Árni Magnússon.

Róbert Ragnarsson.